

# Fréttabréf Foreldrafélags Núps

Vor 2021



## Kæru foreldrar og forráðamenn,

Við ættum að vera orðin þaulreynd í því að bregðast við og aðlagast breytingum eftir að COVID-19 skall á hérna um árið. Foreldrafélagið er engin undantekning á því og viðburðir vetrarins í takt við sóttvarnir og aðrar samkomutakmarkanir. Þennan veturinn tók foreldrafélagið ákvörðun um að senda aðeins út fréttabréf að vori. Fundarhöld foreldrafélagsins voru ýmist í gegnum fjarfundarbúnað eða fundað úti.

**Aðalfundur foreldrafélagsins** var haldinn 30. september 2020. Farið var yfir skýrslu stjórnar, reikninga félagsins frá fyrri starfsári, ákvörðun um að halda sama árgjaldi og svo umræður um komandi vetur. Kosið var í stjórn fyrir næsta skólaár. Eftirfarandi eru í stjórn foreldrafélags Núps skólaárið 2020-2021:

- Auður Böðvarsdóttir, ritari
- Bryndís Baldvinsdóttir, fulltrúi kennara
- Engilrád Ósk Einarsdóttir, meðstjórnandi
- Ester Ósk Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
- Hafdís Helgadóttir, meðstjórnandi
- Halldóra Brynjólfssdóttir, formaður
- Kristín Fanney Þorgrímsdóttir, gjaldkeri
- Magðalena Sigríður Kristjánsdóttir, ritari
- Skoðunarmaður reikninga er Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir

## Morgunkaffi

Venjan hefur verið að foreldrafélagið bjóði starfsfólki leikskólans upp á morgunkaffi einu sinni á ári þegar það er starfsdagur. Á starfsdegi leikskólans þann 19. nóvember var boðið uppá morgunverð frá Pure Deli. Heyrst hefur að maturinn hafi verið ljúffengur og kærkominn við vinnu við að skipuleggja skólastarfið.



## Jólahefti

Foreldrafélagið ákvað að gefa börnum leikskólans rafrænt námshefti sem sérkennarinn Hlín Magnúsdóttur Njarðvík bjó til. Hún heldur uppi heimasíðunni „fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka“. Heftin voru fyrir aldurinn 2-3 ára og 4-6 ára. Það var lítið haft fyrir þessum auka glaðning og vonast til að fá fjölbreyttari samverustundir yfir jólahátíðina.

## Jólaleikrit

Þann 10. desember bauð foreldrafélagið börnunum upp á jólaleikritið „Pönnukakan hennar Grýlu“ og sló það að sögn rækilega í gegn.

## Jólasveinar

Foreldrafélagið hefur fengið jólasveina í heimsókn í leikskólann á hverju ári og það var engin undantekning í ár. Að þessu sinni komu þeir ekki á jólaballið heldur í heimsókn í garð leikskólans þann 17. desember. Þeir gáfu börnunum pakka og í honum leyndist lukkupakki sem samanstóð af allskonar skemmtilegu fyrir börnin t.d. litlir, litabók og kúluspil.



## Myndataka

19. mars kom Eiríkur Ingi ljósmyndari í leikskólann og myndaði börnin eins og í fyrra. Afhending á myndunum hefur farið fram og vonum við að allir hafi verið ánægðir með útkomuna. Fyrir áhugasama er heimasíða Eiríks Inga: <https://www.eirikuringi.is>

## Dansnámskeið

Síðustu árin hefur foreldrafélagið staðið fyrir dansnámskeiði fyrir börnin. Á aðalfundi félagsins kom fram að bæði börn og foreldrar eru almennt ánægð með dansinn var ákveðið að halda áfram þeirri hefð. Eflaust hafa börnin sagt ykkur frá Dagnýju danskennara, en hún virðist vera algjör snillingur og fagmaður. Dansnámskeið Dagnýjar hófst 21. maí og verður hvern föstudag í 3 vikur.



## Krakkahestar



Leikskólinn fær heimsókn frá Krakkahestum á leikskólalóðina þann 31. maí kl. 9:30. Hestarnir heita Blesi, Gullblei og Svanur. Að sjálfsögðu verður ýtrasta öryggis og hreinlætis gætt í hvívetna. Börnin fá smá fræðslu um samskipti við hesta og búnaðinn sem hann ber og svo fá allir sem vilja að fara á hestbak.

## Framundan í leikskólanum

- 27. maí – Útskrift elstu barna
- 31. maí – Krakkahestar koma í heimsókn
- 17. júní – Lýðveldisdagur Íslands, leikskólinn lokaður
- 24. júní – Sólstöðuhátíð
- 7. júlí kl: 13:00 – Sumarlokun
- Leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí fimmtudaginn 5. ágúst kl. 13:00

Við hvetjum alla foreldra sem hafa góðar **hugmyndir** eða **ábendingar** að hafa samband við foreldrafélagið á [foreldrafelagnups@gmail.com](mailto:foreldrafelagnups@gmail.com)